

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á stofnsamningi Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Ráðuneytið hefur staðfest breytingu á stofnsamningi fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga bs. sem staðfestur var þann 10. maí 2016 með birtingu auglýsingar nr. 442/2016 í B-deild Stjórnartíðinda.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og í stofnsamningi falið að annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinna stofnana og verkefna fyrir hönd sveitarfélaganna sem aðilar eru að byggðasamlaginu:

Almannavarnir skv. lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Náttúruverndarnefnd skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Menningarmiðstöð Þingeyinga skv. skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar.

Eignarhald og rekstur $\frac{3}{4}$ hluta Þingeyjar í Skjálfandafljóti skv. afsali 15. júní 1962.

Við 3. gr. stofnsamningsins bætist nýr liður svohljóðandi:

Barnaverndarnefnd skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 2. júní 2017.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2017